



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 13. desember 2017

Ákvörðun nr. 44/2017

### **Breyting á yferráðum í Arcanum ferðapjónustu ehf.**

#### **I.**

##### **Málavextir og málsmeðferð**

Hinn 18. ágúst sl. barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um breytingu á yferráðum í Arcanum ferðapjónustu ehf. (hér eftir Arcanum) með kaupum Eldeyjar TLH hf. (hér eftir Eldey) á ráðandi hlut í félaginu. Með bréfinu fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Samkeppniseftirlitinu barst svo viðbót við samrunaskrána með bréfi dags. 24. ágúst sl. Með bréfi dags. 11. september 2017 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og að frestir samkvæmt lögnum hafi byrjað að líða hinn 25. ágúst sl. Hinn 28. september 2017 var samrunaaðilum tilkynnt að samruninn þyrfti frekari skoðunar við, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Hinn 10. október 2017 höfðu samrunaaðilar samband við Samkeppniseftirlitið og óskuðu eftir að gera sátt í málinu og bárust drög að slíkri sátt eftirlitinu hinn 20. október 2017. Eftir að aðilar höfðu ákveðið að ljúka málinu með sátt urðu breytingar á samrunanum sem Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um að yrði greint nánar frá skömmu síðar. Var því mál þetta í biðstöðu þar til upplýsingar og gögn bárust um breytingarnar. Gögnin bárust svo Samkeppniseftirlitinu hinn 29. nóvember 2017. Þar voru tilgreindar breytingar á kaupsamningi og hluthafasamkomulagi í málinu. Eftir yfirferð þeirra gagna með tilliti til fyrri gagna sem borist höfðu í málinu var sátt undirrituð hinn 12. desember 2017. Í ákvörðun þessari er gerð nánari grein fyrir forsendum þess að grípa þurfti til íhlutunar í málinu en sáttin er birt í ákvörðunarorðum þessarar ákvörðunar.

Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar sem eftirlitið býr yfir hafa áhrif á niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

#### **II.**

##### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Þau viðskipti sem hér um ræðir fela það í sér að Eldey kaupir ráðandi hlut í Arcanum og öðlast því yferráð yfir félaginu í skilningi samkeppnislaga.

Arcanum er ferðaskipuleggjandi og býður upp á afþreyingu fyrir ferðamenn, s.s. vélsleðaferðir, fjórhjólaferðir, jöklagöngur, ísklifur o.fl. Tilgangur félagsins er rekstur ferðapjónustu, fjalla- og jöklaferðir, sala á gistingu ásamt fæðissölu sem og kaup og sala



fasteigna. Arcanum hóf starfsemi árið 2003 með sölu á ferðum upp á Mýrdalsjökul og niður eftir Sólheimasandi á vélsleðum, fjórhjólum og jeppum. Árið 2011 bætti félagið við jöklagöngu og ísklifri á Sólheimajökli. Að auki hefur verið stundaður veitinga- og gistihúsarekstur í smærri stíl, líkt og fram kemur í samrunaskrá, en enginn gistihúsarekstur hefur verið hjá félaginu árið 2017 og ekki fyrir séð að hann hefjist að nýju. Arcanum mun, eftir samruna þennan, eiga þrjú dótturfélög; Arcanum fjalla- og jöklaleiðsögumenn ehf., Arcanum jöklakaffi ehf. og L112 ehf. sem stunda ýmiss konar starfsemi tengda ferðaþjónustu.<sup>1</sup>

Arcanum er í dag í eigu Hornbrynju ehf. sem mun, eftir samruna þennan, fara með minnihlutaeign í félaginu. TG Travel ehf. heldur jafnframt utan um minnihlutaeign í Arcanum en eftir samruna þennan mun TG Travel enn halda á hlut í Arcanum, þó minni en áður. Það er mat samrunaaðila að þessir hlutir veiti ekki aðild að yfirráðum. Að gögnum málsins virtum gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við það mat samrunaaðila. Samkvæmt samrunaskrá er ekki um að ræða tengsl milli Hornbrynju eða TG Travel við önnur fyrirtæki sem starfa á sama markaði og Arcanum starfar á og því ekki ástæða til að fjalla nánar um þau fyrirtæki.

Eldey sinnir, samkvæmt samrunaskrá, fjárfestingum í afþreyingargeira ferðaþjónustunnar. Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur félaga í ferðaþjónustu, eignausmýsla, fjárfestingar og rekstur félaga með skylda starfsemi, lánastarfsemi, kaup og sala eigna sem og annar skyldur rekstur. Eldey er í eigu fimm lífeyrissjóða, Íslandsbanka hf., Íslenskrar fjárfestingar ehf., auk fjárfesta á vegum einkabankaþjónustu Íslandsbanka. Hluthafar í Eldey eru 26 talsins. Eldey hefur gert samninga um eignastýringu og vörslu við Íslandssjóði hf. og samning um vörslu við Íslandsbanka. Fjárfestingastefna félagsins gerir ráð fyrir sjö til tíu fjárfestingum í mismunandi félögum sem starfa innan afþreyingargeira ferðaþjónustunnar. Lagt er upp með fjárfestingar í stórum og meðalstórum félögum sem eiga sér þekktu rekstrarsögu og hafa á að skipa reynslumiklum stjórnendum og gjarnan frumkvöðlum í ferðaþjónustu. Einnig horfir Eldey til minni félaga sem eru líkleg til að njóta samlegðaráhrifa af stærri fjárfestingum og hafa burði til að vaxa innan þeirra eða í samvinnu við þær. Eldey leggur áherslu á að þau félög sem fjárfest er í stundi heilbrigða viðskiptahætti, þar sem lögð er sérstök áhersla á samfélagslega ábyrgð, öryggi, gæði og arðsemi af rekstri. Markmið Eldeyjar, skv. samrunaskrá, er að koma inn í félög sem virkur fjárfestir m.a. gegnum stjórnarsetu, hluthafasamkomulög og stefnumótun til lengri tíma. Eldey hefur þegar fjárfest í öðrum félögum í ferðaþjónustu, þ.e. Norðursiglingu hf., Gufu ehf./Fontana Laugarvatni og Íslenskum fjallaleiðsögumönnum.

Í samrunaskrá kemur fram að Eldey fari með yfirráð yfir Norðursiglingu sem rekur ferðaþjónustu og sinnir rekstri fasteigna, lánastarfsemi og skyldum rekstri. Norðursigling býður upp á hvalaskoðunarferðir frá Húsavík ásamt því að standa að veitingarekstri í gegnum félagið Gamli baukur ehf.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Arcanum fjalla og jöklaleiðsögumenn ehf. rekur ferðaþjónustu í fjalla- og jöklaferðum, Arcanum jöklakaffi heldur utan um veitingarekstur samstæðunnar og L112 ehf. er eignarhaldsfélag utan um jörð þar sem ýmis konar starfsemi samstæðunnar er rekin s.s. verkstæðis- og skrifstofuaðstaða, starfsmannaaðstaða með gistirými, véla- og verkfærageymsla og almenn gistiaðstaða.

<sup>2</sup> Þá eru jafnframt önnur dótturfélög innan félagsins, um ræðir Húsavíkurslipp ehf., Vör Húsavík ehf., Northa sailing Norway AS, Bjarnabúð ehf. og Ágarðsveg 12 ehf. Nær alla veltu hér á landi má þó rekja til starfsemi Norðursiglingar og Gamla bauks.



Þá á Eldey ennfremur hlut í Gufu ehf. en að mati fyrirtækisins fara þeir þó ekki með yfirráð yfir félaginu. Það skal þó nefnt hér að framkvæmdastjóri Eldeyjar situr í stjórn Gufu ehf., en félagið er í eigu nokkurra einstaklinga og fyrirtækja. Starfsemi félagsins felst í rekstri á Fontana Spa á Laugarvatni.

Fyrir samrunann á Eldey jafnframt 32,5% hlut í Íslenskum fjallaleiðsögumönnum en í samrunaskrá kemur fram að Eldey líti svo á að fyrirtækið farið með tímabundin yfirráð yfir félaginu á grundvelli hluthafasamkomulags.

### **III. Niðurstaða**

Samrunaaðilar meta það svo að starfsemi þeirra muni einkum skarast á markaði fyrir heild- og smásölu á skipulögðum ferðum fyrir ferðamenn, einkum í dagsferðum og styttri ferðum. Vegna þess hvernig samruninn fer fram muni ekkert fé streyma til Arcanum, hvorki í formi hlutafjárhækkunar eða lána. Í því ljósi telja samrunaaðilar að engra áhrifa muni gæta á nokkrum þeirra markaða sem mál þetta varði. Samrunaaðilar telja þar af leiðandi að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð viðkomandi markaða. Ekki verði til markaðsráðandi staða og engin slík staða styrkist. Á viðkomandi mörkuðum sé gríðarleg samkeppni og þar starfi fjöldi aðila. Markaðshlutdeild samrunaaðila muni ekki taka neinum áþreifanlegum breytingum og samruni þessi muni ekki veikja stöðu annarra markaðsaðila eða hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni.

Að mati samrunaaðila starfar Eldey á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi í afþreyingartengdri ferðaþjónustu. Arcanum starfi á markaði fyrir heild- og smásölu skipulagðra ferða og markaðshlutdeild félagsins sé hverfandi á þeim markaði. Arcanum jöklakaffi starfar, að mati samrunaaðila, á markaði fyrir veitingaþjónustu með hverfandi markaðshlutdeild. Á sama markaði starfi Gamli Baukur, dótturfélag Norðursiglingar. Norðursigling starfi á sama markaði og Arcanum.

Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað málsins vera Ísland allt í tilviki fjárfestingastarfsemi, landið allt eða stærra svæði í tilviki ferðaþjónustu, en markað fyrir veitingaþjónustu vera skiptan eftir landsfjórðungum.

Af gögnum málsins virtum telur Samkeppniseftirlitið ljóst að lárétt áhrif vegna þessa samruna séu óveruleg. Þar af leiðandi sé minna tilefni en ella til þess að skilgreina þá markaði sem um ræðir með mjög nákvæmum hætti. Vegna samruna þess sem hér er fjallað um skapast þó mögulega samkeppnisbrestir vegna aðkomu eins stærsta viðskiptabanka landsins að fyrirtæki í samkeppnisrekstri en það verður nánar rakið hér að neðan. Samkeppniseftirlitið hefur í ræðu og riti mælt fyrir um mikilvægi þess að fyrirtæki starfi óháð viðskiptabönkunum.<sup>3</sup> Þá eru stærstu fagfjárfestar landsins á meðal stærstu hluthafa í Eldey og eiga þessir fjárfestar hluti í ýmsum fyrirtækjum sem m.a. keppa við fyrirtæki undir yfirráðum samrunaaðila. Á meðal ferðaþjónustufyrirtækja þar sem þessir fagfjárfestar eiga eignarhluti eru: Kynniferðir, Allrahanda, Hópbílar, Reykjavík Sightseeing Invest ehf. svo einhver fyrirtæki séu nefnd.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Sjá m.a. minnisblað um eignarhald á atvinnufyrirtækjum, hlutverk lífeyrissjóða og áhrif hennar á samkeppni sbr. eftirfarandi slóð: <http://www.samkeppni.is/media/raedur-2015/Samtal-um-samkeppni---eignarhald-aatvinnufyrirtaekjum-230516.pdf>

<sup>4</sup> Sjá nánar í hlutaðeigandi ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sem eru aðgengilegar á heimasíður stofnunarinnar.



Hefur eftirlitið m.a. bent á að minnihlutaeign í fleiri keppinautum geti leitt einhliða til minni hvata fyrir fyrirtækin til að keppa sín á milli. Í henni geti einnig falist aukin hætta á samráði eða þegjandi samhæfingu á milli keppinauta (e. horizontal coordinated effects). Þá geti orðið lóðrétt áhrif sem leiða til útilokunar (e. vertical effects). Að síðustu kunni þessi staða að leiða til aðgangshindrana fyrir nýja keppinauta við vissar aðstæður. Telur eftirlitið því að gjalda beri varhug við eignatengslum af því tagi sem hér er að eiga sér stað. Hvað þennan þátt málsins varðar telur eftirlitið þó nægjanlegt að mæla fyrir tiltekinni framkvæmd á upplýsingagjöf Eldeyjar til hluthafa sinna. Er þeirri framkvæmd ætlað að koma í veg fyrir það að þessir hluthafar fái trúnaðarupplýsingar um keppinauta Eldeyjar.

Þá er rétt að geta þess að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga gildir fullum fetum um háttsemi fjárfesta á samkeppnismörkuðum, þ. á m. um lífeyrissjóði. Ljóst er að mikil ábyrgð hvílir á hlutaðeigandi fjárfestum að haga aðkomu sinni að fyrirtækjum með þeim hætti að samkeppni sé ekki raskað með nokkru móti.

#### *Tengsl Íslandsbanka við viðskiptin*

Íslandssjóðir, dótturfélag Íslandsbanka, eru rekstraraðili Eldeyjar. Eldey hefur gert samning um eignastýringu við Íslandssjóði og á þeim grundvelli hefur fyrirtækið umsjón með fjárfestingum Eldeyjar og sinnir ýmsum verkefnum í tengslum við fjárfestingarnar í samráði við stjórn Eldeyjar. Allar ákvarðanir um fjárfestingar eru bornar undir stjórn og þurfa m.a. allir stjórnarmenn að samþykkja fjárfestinguna. Stjórnin er kosin á aðalfundi og skipuð aðilum sem skulu vera óháðir Íslandsbanka og Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri Eldeyjar er starfsmaður Íslandssjóða. Ljóst er því að aðkoma Íslandssjóða að málefnum félagsins er víðtæk og hafa samningar sem þessir alla jafna falið í sér að viðkomandi sjóðastýringarfyrirtæki hefur yfirráð yfir viðkomandi rekstrarfyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.

Framtakssjóðir á vegum sjóðastýringarfyrirtækja, á borð við Eldey, hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í mikilvægum fyrirtækjum á fjölda samkeppnismarkaða undanfarnar ár. Hafa þessum fjárfestingum í vissum tilfellum fylgt raskanir á samkeppni. Má rekja umræddar raskanir að hluta til til tengsla stóru viðskiptabankanna við þau sjóðastýringarfyrirtæki sem reka sjóðina sem fjárfest hafa í fyrirtækjunum. Samkeppniseftirlitið hefur reglulega vakið athygli á mikilvægi þess að fyrirtæki í samkeppnisrekstri starfi óháð viðskiptabönkum.<sup>5</sup> Á grundvelli þess sem áður hefur verið rakið telur eftirlitið nauðsynlegt að setja skilyrði sem tryggir sjálfsstæði Eldeyjar gagnvart Íslandsbanka.

Samrunaaðilar hafa gert sátt við Samkeppniseftirlitið sem ætlað er að tryggja óhæði Arcanum gagnvart Íslandsbanka. Með sáttinni hafa verið settar takmarkanir á aðkomu Íslandsbanka að Arcanum á þann veg að þeir stjórnarmenn er skipaðir verða í krafti eignarhlutar Eldeyjar skuli verða óháðir bankanum. Þá gilda enn fullum fetum fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sem kveða á um sjálfstæði Íslandssjóða gagnvart Íslandsbanka og það háttarni sem fyrirtækjunum er heimilt s.s. varðandi viðskipti milli

---

<sup>5</sup> Í þessu efni vísast t.d. til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2016, *Kaup Horns III slhf. á öllum hlutum í Hagvögnum hf., Hópbílum hf. og Hvaleyri hf.*, nr. 22/2015 *Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynnisferðum hf.*



tengdra aðila og fleira, sbr. nánari atvikalýsing í ákvörðun eftirlitsins nr. 21/2014 *Kaup FAST-1 slhf. á HTO ehf.*

Samkeppniseftirlitið telur að í máli þessu séu ekki forsendur til íhlutunar umfram það sem fram kemur í þeim skilyrðum sem samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið hafa orðið ásátt um. Staða sem þessi kallar eftir sem áður á mikla ábyrgð og fagmennsku í meðferð eignarhluta fjárfestanna sem í hlut eiga og á skýra eigendastefnu. Orsakir þess eru, eins og áður segir, þær að tilteknir hluthafar í Eldey THL eiga hluti í fleiri fyrirtækjum á markaði fyrir ferðapjónustu og geta þau fyrirtæki eftir atvikum verið keppinautar samrunaaðila sbr. umfjöllun hér að ofan.

Samkeppniseftirlitið er meðvitað um þá hættu sem kann að steðja af þessari aðstöðu og mun fylgjast með framvindu samkeppni á markaði málsins með tilliti til þess. Mun eftirlitið taka afstöðu til þess á hverjum tíma hvort forsendur skapist til frekari íhlutunar vegna þessa.

### **1. Samrunanum sett skilyrði**

Af öllum gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli að nauðsynlegt sé að setja samrunanum skilyrði sem ætlað er að girða fyrir þá hugsanlegu samkeppnisbresti sem vikið hefur verið að hér að framan. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Drög að sátt voru lögð fram af samrunaaðilum hinn 20. október sl. og leiddu viðræður við samrunaaðila til þess að undirrituð var sátt sem felur í sér þau skilyrði sem fram koma í ákvörðunarorðum ákvörðunar þessarar. Skilyrðin fela m.a. í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar samrunaaðila og tiltekna meðferð upplýsinga gagnvart þeim hluthöfum sem eiga hluti í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði.

Í eftirfarandi sátt er kveðið á um óhæði stjórnarmanna Arcanum gagnvart Íslandsbanka. Þá eru settar ítarlegar kröfur um óhæði félaganna gagnvart bankanum með því að Íslandssjóðum skuli vera óheimilt að ráða framkvæmdastjóra eða aðra lykilstarfsmenn sem eru háðir bankanum.

Þá er skilyrðum sáttarinnar ætlað að koma í veg fyrir að þeir hluthafar sem komi að fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði fái í hendur viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, en veiting slíkra upplýsinga kynni að raska samkeppnislegu sjálfstæði Reykjavík Sightseeing eða keppinauta fyrirtækisins.

Þá er í lok sáttar fjallað um brottfall skilyrða og rétt samrunaaðila til endurupptöku sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



## **IV. Ákvörðunarorð**

### **1.**

#### **Aðgerðir gegn skaðlegum samkeppnishindrunum**

##### **1.1**

###### **Almennt**

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi Eldeyjar á Arcanum og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Eldeyjar á öðrum atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Arcanum á þeim mörkuðum sem fyrirtækið og dótturfélög þess starfa á.

##### **1.2**

###### **Sjálfstæði Arcanum**

- a) Stjórnarmenn Arcanum verði óháðir Íslandsbanka hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Íslandsbanka hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Íslandssjóða sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn Arcanum.
- b) Þeir sem Eldey skipar í stjórn Arcanum, skulu ekki vera tengdir keppinautum Arcanum í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem Eldey kemur að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem Eldey kemur að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Íslandsbanka hf. í skilningi a) liðar 1.2. Framangreint takmarkar þó ekki rétt Eldeyjar til þess að skipa aðila í stjórn Arcanum sem jafnframt sitja í stjórnnum annarra fyrirtækja undir yfirráðum Eldeyjar eða fyrirtækja sem Eldey hefur fjárfest í, að uppfylltum öðrum skilyrðum sáttar þessarar.
- c) Framkvæmdastjóri Íslandssjóða og þeir aðilar sem sitja í stjórn Arcanum fyrir hönd Eldeyjar skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

### **2.**

#### **Upplýsingagjöf til hluthafa Eldeyjar**

Stjórn og starfsmenn Eldeyjar skulu haga samskiptum við hluthafa Eldeyjar með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem Arcanum starfar sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun við hluthafa Eldeyjar sem eiga eignarhluti í keppinautum Arcanum skal þess gætt að veita aðeins nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en



gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaða geta samkeppni berist ekki til þeirra.

### **3.**

#### **Brottfall skilyrða**

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef Eldey missir yfirráð yfir Arcanum. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

### **4.**

#### **Viðurlög**

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson